



Tólf mikilvæg atriði við framkvæmd útboða

Í tengslum við Útboðsþing SI 2023 hafa Samtök iðnaðarins tekið saman tólf mikilvæg atriði sem gott er að opinberir verkkaupar hafi í huga varðandi framkvæmd útboða.

1 Framkvæmið markaðskannanir

Aukið samtöl við fyrirtæki á markaði á undirbúningsstigi útboða með því að gera markaðskannanir. Þannig má m.a. kanna markaðaðstæður og tækjabúnað, sem getur hjálpað verkkaupum að átta sig á því hvernig og hvenær er rétt að ráðast í útboð.

2 Veljið góðan tíma fyrir útboð

Þannig má hámarka möguleika fyrirtækja á að taka þátt og bjóða hagkvæm verð. Gott er að hafa í huga að sumartíminn er alla jafna háannatími verktaka auk þess að vera sumarleyfistími, ekki bara hjá íslenskum verktökum heldur líka birgjum erlendis. Sömu sjónarmið eiga við um jól og áramót.

3 Gerið ráð fyrir eðlilegum undirbúningstíma framkvæmda

Veitið fyrirtækjum eðlilegan undirbúningstíma frá opnun tilboða og þar til verk á að hefjast. Of stuttur tími er líklegur til að auka kostnað verksins og hættu á töfum.

4 Aukið gæði kostnaðaráætlana

FRV, Mannvirki og SAMARK hafa látið þýða og staðfæra gögn AACE. Þar er að finna vandaða aðferðarfræði við gerð kostnaðaráætlana, sem tryggir samræmdan skilning á markaði, lágmarksgæði við gerð kostnaðaráætlana og eykur til muna rekjanleika við framúrkeyrslu. Gögnin eru aðgengileg á kostnadir.is, öllum að kostnaðarlausu.



5 Gerið ráð fyrir hæfilegri greiðslu fyrir þátttöku

Í útboðum þar sem gert er ráð fyrir greiðslu fyrir þátttöku þurfa greiðslur að endurspegla betur kostnað fyrirtækja við þátttöku. Staðreyndin er að þátttökugreiðslur í dag standa ekki undir nema brotabroti af kostnaði. Á sama tíma eru sífellt gerðar auknar kröfur um gagnaskil sem auka kostnað fyrirtækja. Of lágar greiðslur draga úr möguleikum minni aðila til að taka þátt og velta samfélagslegum kostnaði af útboði yfir á þátttakendur.

6 Notið hæfileg og viðeigandi verðtryggingarákvæði

Tryggið að í útboðsskilmálum, bæði í styttri og lengri verkum, séu hæfileg verðtryggingarákvæði. Þannig má auka hagkvæmni tilboða og draga úr áhættu verktaka og verkkaupa af verkinu. Byggingarvísitalan er ekki alltaf heppileg til verðtryggingar og skoða þarf að nýta aðrar vísitölur sem mæla betur breytingar á kostnaði í viðkomandi verki.

7 Aukið nákvæmni í útboðsskilmálum

Auka þarf nákvæmni í útboðsskilmálum, sér í lagi magnskrá og verklýsingu, og tryggja innra samræmi. Draga þarf úr notkun á mælikvarðanum „ein heild“ í magnskrá og auka samtal við markaðinn um verklýsingar í sérhæfðum verkþáttum en þar eiga það til að slæðast inn verklýsingar sem lýsa gamalli aðferðafræði og verkháttum.

8 Eðlileg og hæfileg hæfisskilyrði

Tryggja þarf að útboðsskilmálar séu í samræmi við lögbundnar hæfiskröfur og hafa í huga að við erum með lögbundin verksvið í mismunandi iðngreinum í byggingariðnaði. Kröfur um fjárhagslegt hæfi þurfa að vera í eðlilegu samhengi við stærð og flækjustig verks. Of ríkar kröfur draga úr nýliðun og samkeppni á markaði.

9 Hóflegar kröfur um gagnaskil

Stilla þarf kröfum um gagnaskil í hóf, sérstaklega í hönnunarsamkeppnum og alútboðum, þar sem borið hefur á því að gagnaskilakröfur hafi aukist töluvert, með tilheyrandi kostnaðarauka fyrir bjóðendur.

10 Ekki áskilja eignarrétt á hugverkum

Mikilvægt er að verkkaupar hverfi frá þeirri framkvæmd að áskilja eignarrétt á hugverkum og tryggi þess í stað eðlilegan nýtingarrétt hugverkaréttinda.

11 Vistvænir skilmálar í samræmi við aðstæður á markaði

Vistvænir útboðsskilmálar þurfa að taka mið af aðstæðum á markaði. Óhóflegar kröfur geta dregið úr hagkvæmni og skilvirkni útboða, jafnvel án aukins umhverfislegs ávinnings. Innleiðing nýrra krafna þarf að eiga sér stað í samtali við markaðinn svo unnt sé að tryggja viðeigandi aðlögun og fyrirsjáanleika. Breytingar þurfa líka að vera í takti við möguleika markaðarins til að mæta nýjum kröfum, t.a.m. í samræmi við framboð á umhverfisvænum kostum.

12 Hafið bjóðendur viðstadda opnun

Opnið tilboð í útboðum að bjóðendum viðstöddum. Það eykur gagnsæi og traust á útboðsferlinu. Unnt er að nýta tæknilausnir, á borð við Teams og Zoom.

